

28.04.2024 (#1 2024-2025) kl. 16:00

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Jón Axelsson, Jón Orri Jónsson, Sveinn Símorsson, Margrét J. Magnúsdóttir, Katrín Pálsdóttir** og **Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir.

Þá var **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri viðstaddur á fundinum.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Starf og hlutverk stjórn ÞRÍ
2. Starfsmenn og hlutverk
3. Nefndir á vegum ÞRÍ
4. Timataka og aðstoð við félögin
5. Unglingar - keppni Kópavogur
6. Keppnir Ægir – draft legal
7. Dagskrá formannafundur
8. Annað

1. Starf og hlutverk stjórn ÞRÍ

Tillaga um að varaformaður verði kjörin Margrét J. Magnúsdóttir, gjaldkeri var kjörin Sveinn Símonarson og Ragnar Fjalar Sævarsson kjörinn ritari.

Samþykkt

Fundartími ákveðinn á sunnudögum kl.16 og fundarboð verði sent á bæði aðal- og varamenn.

Þá voru fundarmenn hvattir til að kynna sér vel starfsreglur stjórnar.

Samþykkt

2. Starfsmenn og hlutverk

Til upplýsingar fyrir nýja stjórnarmenn þá var fjallað um starfsmenn og hlutverk þeirra. Þríþrautasambandið er með 3 starfsmenn í hlutastarfi:

Ráðningasamningur við Ragnar Guðmundsson nær til enda júlí 2024, en hann hefur verið í starfi frá nóvember 2022. Ragnari er ætlað að móta framtíðarstefnu fyrir unglingsþríþraut á Íslandi og setja upp viðburði og kynningar á þríþraut fyrir þennan aldurshóp í samvinnu við þessa samstarfsaðila. Það kom fram á fundinum að hann þyrfti frekari aðstoð frá stjórn og nefndum.

Geir Ómarsson var ráðinn í 30% hlutastarf verkefnastjóra í janúar 2023 og helstu verkefni hans felast m.a. í samskiptum innanlands og erlendis, skýrsluvinnu, umsjón með skráningum, umsjón með samfélagsmiðlum, verkefni tengd mótahaldi og þátttaka í stefnumótum og einstökum verkefnum innan ÞRÍ. Seint á síðasta ári var starfstíli Geirs breytt í starf framkvæmdastjóra.

Geir benti á að hann væri í raun að vinna mun meira en 30% og benti á að nefndirnar þyrftu að skila meiri vinnu.

Þá bætti ÞRÍ við einum starfsmanni í hlutastarf, Valdimar Leó Friðriksson sem var ráðinn sem aðstoðarmaður gjaldkera, en ÞRÍ deilir honum með tveimur öðrum sérsamböndum.

3. Nefndir á vegum ÞRÍ

Umræður fóru fram um nefndir á vegum ÞRÍ. Það kom fram að hver þeirra fimm nefnda sem starfa á vegum Príprautasambandsins starfar í tvö ár í senn. Það fólk sem er í forsvari fyrir nefndirnar var hvatt til að finna fleira fólk í þær nefndir sem ekki eru nú þegar full mannaðar.

Helstu breytingar eru að Jón Orri fór inn í Mótanefnd en Geir dregur sig út. Sveinn tekur forystu í afreksnefnd í stað Sædísar.

Nefndir og forsvarsmenn:

Dómaranefnd: Margrét Magnúsdóttir

Mótanefnd: Jose Jorge

Fræðslu- og útbreiðslunefnd: Katrín Pálsdóttir

Afreksnefnd: Sveinn Símonarson

Siðanefnd: Ingi Poulsen

4. Tímataka og aðstoð við félögin

Geir fór yfir stöðuna varðandi tímatakubúnað. Kostnaður hefur hækkað á leigu á búnaði frá Tímatöku.net þar sem nú þarf að leigja flögu – allt sumarið eða fyrir hverja keppni. Ljóst er að þetta hefur verulegan kostnað í för með sér sem lendir á keppendum. Eftir umræður var ákveðið að skoða tímatakubúnað sem þríkó á og reyna að nota hann í sumar. Jón Axelsson ætlar að leiða verkefnið.

5. Unglingar - keppni Kópavogur

Fram fer umræða um unglingsflokk í keppnum og unglinga í keppnum í aðalflokki. 18-19 er yngsti aldurflokkur sem hægt er að skrá sig í í aðalkeppni. Sem þátttakandi þarftu að velja hvort þú takir þátt í unglingsflokk eða aðalkeppni. Það kom fram hugmynd á fundinum að hafa samband við mótstjóra hjá Þríkó og stinga upp á að breyta aldursbili í 15-19 ára í stað 18-19 ára.

6. Keppnir Ægir – draft legal

Fram fer umræða um hvort leyfa eigi draft í keppninni á Laugarvatni. Mikill áhugi er innan stjórnar að leyfa þetta fyrirkomulag en fram kom á fundinum að öryggi keppenda skipti öllu máli og að forsenda fyrir draft-legal keppni sé að veginum verði lokað fyrir umferð.

Margrét ætlar að svara erindinu með formlegum hætti.

Hafnað

7. Dagskrá formannafundur

Formannafundur hefur verið boðaður á morgun milli klukkan 17:00 – 18:00. Dagskrá fyrir fundinn er eftirfarandi:

1. Staðan hjá félögunum
 - 3SH
 - Breiðablik
 - Ægir3
 - Norðurljós
2. Keppnissumar 2024
3. Þátttaka í heimsmeistaramótinu í Malaga
4. Unglingaþríþraut
5. Önnur mál

8. Annað

Geir hóf máls á vonbrigðum sem ÞRÍ hafði orðið fyrir vegna úthlutunar ÍSÍ úr Afreksjóði sambandsins en ÞRÍ hlaut aðeins 1 milljón af 30 milljónum þrátt fyrir að Guðlaug Edda eigi mjög góða möguleika á að komast inn á Ólympíuleikana. Vonbrigðin eru sérstaklega mikil í ljósi þess að ÞRÍ hefur þurft að standa straum á mjög dýrum keppnum til að auka möguleika Guðlaugar Eddu á að komast á leikana. Áveðið var að senda bréf til ÍSÍ og fara fram á ferkari skýringar á úthlutuninni.

--

Valrie vakti máls á því að Unnur gefi áfram kost á sér í starf bókara þrátt fyrir að hafa áður sagt að hún gæti ekki haldið áfram. Ákveðið var að framlengja samstarfið við Unni.

--

Starfsskýrsluskil félaga eru á dagskrá 31. maí og Geir bað stjórnarfólk um að minna forsvarsmenn í sínum félögum um að senda lðkendatölur til móðurfélaganna. Í dag eru bara Norðuljósinn búin að skila inn.

--

Geir fór á fund á Selfossi í vikunni og sagði að þar væri áhugi fyrir því að stofna nefnd innan UMFS og í framhaldinu þá getur fólk skráð sig í þríþraut. Það stefnir því allt í að nýtt þríþrautarfélag líti dagsins ljós á árinu.

--

28. apríl 2024
Fundur #1

Margrét bar upp launamál dómara fyrir keppnistímabilið 2024. Í ljósi fjárhagsstöðu ÞRÍ þá var samþykkt að þau verði óbreytt fyrir árið 2024.

Fundi slitið kl. 18.54

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 9. júní 2024.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum